

Þriðji fundur æskulýðsnefndar

Laugarvatni 25. júní 2015 kl. 17:30

Mætt: Lára Hreinsdóttir, Sigurjón Pétur Guðmundsson og Smári Þorsteinsson.

1. Forvarnarstefna. Uppfærð forvarnarstefna var lögð fram og er hún nú tilbúin til staðfestingar sveitarstjórnar.
2. Ungmennaráð. Aðalefni fundarins var að semja drög að samþykkt fyrir ungmennaráð Bláskógabyggðar. Til hliðsjónar hafði nefndin samþykktir frá öðrum sveitarfélögum en bætti inn atriðum sem henni þótti eiga heima í samþykkt fyrir ungmennaráð Bláskógabyggðar. Drögin verða send til sveitarstjóra og oddvita og svo aftur til æskulýðsnefndar. Þau verða þá fullunnin og send sveitarstjórn til samþykktar að því loknu.

Fundi slitið 18:50

Lára Hreinsdóttir